# AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018

## Breyting á aðalskipulagi: Akstursíþróttasvæði á Glerárdal




Gildandi skipulag

Mkv.: 1:10.000




Breytt skipulag

SKÝRINGAR

LANDNOTKUN

- Mörk skipulagssvæðis
- Þéttbýlismörk
- Íb Íbúðarsvæði
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Miðsvæði, miðbær
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- H Hafnarsvæði, flugvallarsvæði
- I Iðnaðarsvæði
- F Svæði fyrir frístundabyggð
- Óbyggð svæði
- O Opin svæði til sérstakra nota
- R Sorpförgunarsvæði
- Hverfisverndarsvæði
- N Náttúruverndarsvæði, fólkvangur
- N Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruminjaskrá
- Strandsvæði í flokki B
- E Efnistökusvæði
- Landfylling
- Ný strandlína, útgrafið
- Fornminjar
- Blönduð landnotkun
- Stofnanasvæði með útivistargildi

ÞJÓNUSTUKERFI

- Stofnbraut
- Tengibraut
- Aðrir vegir/götur
- Aðalstígar
- Útivistarstígar
- Reiðleiðir
- Útivistarstígur og reiðleið
- Flutningslínur rafveitukerfis (Loftlínur)
- Svæði fyrir háspennulínur, línufjöldi ekki tilgreindur
- Flutningslínur rafveitukerfis (Jarðstrengir)
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Útrás fráveitu
- Ljósleiðari
- Dælustöðvar fráveitu og fráveitumannvirki

Grunnkort:
Umhverfisdeild Akureyrar
Myndmældur hæðarlínugrunnur

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 verði breytt þannig að opið svæði til sérstakra nota, 1.61.3-O, verði stækkað til vesturs og norðurs. Efri mörk þess verði við fjallgriðingu og norðurmörk við Hlíðarfjallsveg. Tilefni aðalskipulagsbreytingarinnar er beiðni Bílaklúbbs Akureyrar um stækkun lóðar félagsins svo möguleiki verði á að lengja spyrnubraut til að uppfylla alþjóðlegar kröfur, sem gerðar eru til slíkra brauta. Einnig hefur borist umsókn KKA-Akstursíþróttafélags um varanlega úthlutun lóðastækkunar sem félagið vill nota fyrir endurobrautir. Stækkun lóðar Skotfélagsins er til þess gerð að hægt verði að taka á kröfum um öryggissvæði innan lóðar.

Meginmarkmið skipulagsnefndar fyrir stækkun akstursíþrótta- og skotsvæðisins er að tryggja að þau félög og sú starfsemi sem fram fer á svæðinu geti þrifist og þróast í takt við þær kröfur sem gerðar eru til bíla-, bifhjóla- og skotíþrótta.

### Breytingar á greinargerð

Ekki er gerð breyting á almennum texta greinargerðar. Breyting er gerð á flatarmáli viðkomandi landnotkunarreia í töflum í köflum 4.7 og 4.13. Breytingin hefur ekki áhrif á afmörkun efnisnáma eða svæðis fyrir veitumannvirki sem eru innan reits 1.61.3-O.

### Óbreytt skipulag

#### 4.7 Iðnaðarsvæði

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| **1.61.4 I** | - | Vatnsveitumannvirki við Torfadal ofan Glerár. | Óbyggt, óskipulagt | Svæði fyrir lokahús, vatnstank og athafnasvæði vegna vatnsveitu |

#### 4.13. Opin svæði til sérstakra nota

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| **1.61.3 O** | 70 | Akstursíþróttasvæði og skotæfingasvæði við Glerá | Æfinga- og keppnisvellir fyrir skotfimi. Núverandi efnisnámur og beitarhólf | Uppbygging, landmótun og frágangur skv. deiliskipulagi |

### Breytt skipulag

#### 4.7 Iðnaðarsvæði

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| **1.61.4 I** | *0,8* | Vatnsveitumannvirki við Torfadal ofan Glerár. | Óbyggt, óskipulagt | Svæði fyrir lokahús, vatnstank og athafnasvæði vegna vatnsveitu |

#### 4.13. Opin svæði til sérstakra nota

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| **1.61.3 O** | *111* | Akstursíþróttasvæði og skotæfingasvæði við Glerá | Æfinga- og keppnisvellir fyrir skotfimi og akstursíþróttir. Núverandi efnisnámur og beitarhólf | Uppbygging, landmótun og frágangur skv. deiliskipulagi |

### Breyting á skipulagsuppdrætti

Svæði 1.61.3-O er stækkað til vesturs og norðurs. Mörk svæðisins verða við fjallgirðingu og í miðlínu Hlíðarfjallsvegar. Efnistökusvæðum er ekki breytt. Svæði Norðurorku (1.61.4-I) er fært til og stækkað. Tengingum við Hlíðarfjallsveg er breytt svo og gönguleið meðfram Glerárgili.

Á uppdrætti er sýnir breytt skipulag eru sýnt breytt stíga- og reiðleiðakerfi til samræmis við aðalskipulagsbreytingu, sem hefur verið auglýst auk breytngar við Glerárgil.

### Áhrifamat – umhverfisskýrsla

Starfsemin á svæðinu (varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir) er tilgreind í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og voru fyrirhugaðar framkvæmdir tilkynntar Skipulagsstofnun árið 2008. Niðurstaða stofnunarinnar var að akstursíþróttasvæði Bílaklúbbs Akureyrar á Glerárdal væri ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Breytingar og viðbætur við framkvæmdir, sem tilgreindar eru í viðaukum laga nr. 106/2000, eru einnig tilkynningarskyldar og ber að tilkynna Skipulagsstofnun um framkvæmdir þegar þar að kemur. Skipulagsbreytingin er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Ítarleg umhverfisskýrsla var unnin við gerð deiliskipulagsins árið 2008. Ekki er talin þörf á að endurmeta áhrif á þá umhverfisþætti sem þar komu til umfjöllunar aðra en gróðurfar vegna stækkunar skipulagssvæðis.

#### Tengsl við aðrar áætlanir

Norðan Hlíðarvegar eru svæði fyrir frístundabyggð og ferðaþjónustu. Aukin umferð og umsvif á svæðinu gætu haft áhrif á þá byggð. Huga þarf að hljóðvörnum gagnvart henni í samræmi við ákvæði reglugerða.

Deiliskipulagi svæðisins verður breytt. Breytingin hefur ekki áhrif á aðrar áætlanir.

Með breytingunni er m.a. stutt við eftirtalin markmið aðalskipulagsins:

- Meginmarkmið: Stuðla ber að heilbrigði og vellíðan íbúa með því að skapa góða aðstöðu fyrir fjölbreytta útivist, íþróttir og tómstundir að vetri sem sumri.
- Deilimarkmið: Góð aðstaða verði fyrir sem flestar íþróttagreinar, bæði inni sem utan dyra, og verði Akureyri miðstöð keppnisíþrótta á Norðurlandi.

#### Umhverfisaðstæður

Landið er mólendi, að hluta raskað af efnistöku neðst en nokkuð raskað af vegslóðum ofar. Um það liggja stofnlagnir vatnsveitu Norðurorku frá vatnsbólum í Hlíðarfjalli og á Glerárdal. Tekið skal mið af þeim í deiliskipulagi.

Svæðið sem um ræðir liggur að Glerárgili sem er á náttúruminjaskrá. Breytingin hefur ekki áhrif á stígakerfi og reiðleiðakerfi aðalskipulagsins.

Fjöldi minjastaða eru skráðir í landi Glerár en enginn þeirra er á því svæði, sem lagt verður við landnotkunarreit akstursíþróttasvæðisins.

#### Helstu áhrif

Starfsemin á svæðinu hefur áhrif á hljóðvist í næsta nágrenni sbr. umfjöllun í umhverfisskýrslu deiliskipulags svæðisins frá 2008. Hljóðstig á aðliggjandi svæðum getur farið yfir viðeigandi viðmiðunarmörk þegar tiltekin starfsemi er á svæðinu. Hljóðstig við hesthúsabyggð og reiðleið næst svæði GA er í öllum tilfellum undir 55 db(A) hámarkshljóðstigi. Mikilvægt er að deiliskipulagið verði áfram mótað með hliðsjón af því að lágmarka áhrif þess á umhverfið og aðliggjandi byggðir og útivistarsvæði.

Landmótun og uppgræðsla svæðisins hefur jákvæð áhrif á yfirbragð þess, útivistargildi og gróðurfar.

#### Skipulagskostir

Um er að ræða stækkun svæða undir starfsemi sem fyrir er. Ekki var ástæða til þess að skoða aðra skipulagskosti.

Aðalskipulagsbreyting þessi felur ekki í sér heimildir til framkvæmda, sem líklegar eru til að hafa í för með sér umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið þótt starfsemi á svæðinu falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Áhrif breytingarinnar eru í meginatriðum jákvæð þar sem gert er ráð fyrir bættri aðstöðu fyrir íþóttaiðkun og tómstundastarf auk þess sem í henni felst ákveðin landmótun og uppgræðsla.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann _______________

_______________________________
bæjarstjórinn á Akureyri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

þann _______________

_______________________________ _______________________________

# AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018

BREYTING
Akstursíþróttasvæði á Glerárdal

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar | Mælikvarði 1:10.000 | Dags. 12. júní 2013


TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí
KAUPANGI V/MÝRARVEG, 600 AKUREYRI, SÍMI 461 5508, NETFANG: arni@teikna.is
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3, 101 REYKJAVÍK, SÍMI 552 8740, VEFFANG: www.teikna.is